



Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Alþingi
Erindi nr. P 128/363
komudagur 2.12.2002
128/2

Reykjavík, 30. nóvember 2002

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (359. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 21. nóvember þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja eiga sæti í samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila, en álit nefndarinnar á áætluðu rekstrarumfangi FME á árinu 2003 er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu (Fskj. II). Þar koma fram viðamiklar ábendingar við fjárhags-áætlunina. FME taldi ekki ástæðu til að taka tillit til þeirra ábendinga í skýrslu sinni til viðskiptaráherra nema að sáralitlu leyti.

Fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð verulegri hækkun þess gjalds sem lagt er á eftirlitsskylda aðila til að standa undir kostnaði við fjármálaeftirlit hér á landi. Kostnaður af störfum FME hefur stóruka á síðustu árum og hafa eftirlitsskyldir aðilar ítrekað bent á að mikilvægt sé að sporna við í þeim efnum, enda ekki síður brýnt að viðhafa eðlilegt aðhald á því sviði sem öðrum. SBV telja að sú umræða sem átti sér stað í efnahgs- og viðskiptanefnd á síðasta þingi og umsögn ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur um það frumvarp sem þá var til umfjöllunar afar mikilvægt framlag í þessum efnum. Meginhlutverk ráðgjafarnefndarinnar er að tryggja að opinbert eftirlit sé jafnan eins hagkvæmt og kostur er fyrir þjóðfélagið, sbr. lög nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur.

SBV taka undir öll þau sjónarmið sem fram koma í fyrrgreindri álitgerð samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila. SBV telja þó rétt að víkja sérstaklega að nokkrum atriðum.

1) 3 ára áætlun

SBV fagna því að FME leggi nú, að beiðni efnahgs- og viðskiptanefndar, í fyrsta sinn fram rekstraráætlun til þriggja ára, sem birt er sem viðauki við

skýrslu FME til viðskiptaráðherra. Þar er lögð áhersla á að halda stærð FME innan ákveðinna marka í ljósi þess að smærri einingar gefi færi á sveigjanlegri skipulagi, einfaldari rekstri og meiri skilvirkni. Því beri að mæta hugsanlegri aukningu umfangs eftirlits með öðrum ráðun en fjölgun fastráðinna starfsmanna. SBV telja þessa yfirlýsingu FME afar mikilvæga og beina því til efnahags- og viðskiptanefndar að veita FME virkt aðhald á þessum grunni á næstu árum.

2) Þátttaka ríkisins

SBV telja tímabært að hið opinbera taki þátt í kostnaði af störfum FME á sömu forsendum og eftirlitsskyldir aðilar, þ.e. greiði kostnað af þeirri vinnu sem sérstaklega eru unnin í þágu viðkomandi ráðuneytis eins og algengt er í Evrópu. Slíkur kostnaður getur bæði falist í að verulegur hluti af tíma einstakra starfsmanna FME fer í vinnu að mótun laga og reglna fyrir ráðuneyti, m.a. gegnum þátttöku í nefndum, og einnig að starfsmenn FME sækji fundi erlendis fyrir hönd ráðuneytis. Í álitserð samráðsnefndar kemur fram að á fundum nefndarinnar með FME á þessu ári hafi komið fram skilningur fulltrúa stofnunarinnar á þessari kröfu.


3) Skipting kostnaðar

SBV telja mjög mikilvægt að hlutfallslegur kostnaður einstakra geira á fjármálasviði af eftirliti sé í sem mestu samræmi við þann raunkostnað sem af eftirliti með þeim hlýst. Í þeim efnum er forgangsatriði að FME viðhafi sem nákvæmasta tímaskráningu um skiptingu á vinnu starfsmanna fyrir hvert svið. Að mati SBV leikur vafi á að fulls samræmis sé gætt í þessum efnum í dag.

4) Varamenn í stjórn

Loks telja SBV rétt að ítreka óánægju með það óvenjulega fyrirkomulag sem hefur skapast hjá stjórn FME hvað varðar setu varamanna á fundum og greiðslur til þeirra. Fulltrúar FME hafa á móti bent á að brýnt sé að varamenn séu sem best inni í gangi mála. Að mati SBV leikur enginn vafi á að til að ná því markmiði væri fyllilega nægilegt að varamenn sæktu t.d. fjórða hvern fund nefndarinnar. Að óbreyttu er hins vegar eðlilegt að ráðuneytið taki á sig kostnað af störfum varamanna.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri